



FERÐALÖG
NORÐUR

Húsavík Cape

HOTEL

„ÉG ER MINNA HEIMA
EN EF ÉG VÆRI Á SJÓ“

Júlíus Freyr Theódórsson er leiðsögumaður hjá Adventures By Disney á Íslandi og elskar að sjá ferðamönnum Ísland.

Sjáumst á fjöllum



FERÐAFÉLAG ÍSLANDS | www.fi.is





Sundlaugin á Hofsósi er í uppáhaldi.



Grenivík er í miklu uppáhaldi.



Það þarf kerru-próf fyrir hjólhýsi.

Tekur kerrupróf í sumar

Hrönn Margrét Magnúsdóttir, framkvæmdastjóri Feel Iceland, ætlar að fara á flakk með fjölskyldunni í sumar. Hún kysir hjólhýsi fram yfir hótél eða tjald. Til þess að mega keyra með hjólhýsi þarf hún að taka kerrupróf sem hún ætlar að gera í sumar.

Guðrún Selma Sigurjónsdóttir | gudrunselma@mbl.is

Ætlar þú að ferðast innanlands í sumar?

„Já, ég er að fara til Vestmannaeyja á goslokahtíðina og tek þátt í golfmóti þar. Svo fer ég í Bolungarvík þar sem ég mun meðal annars njóta stórkostlegs útsýnis á Bola-fjalli, svo er stefnan einnig tekin norður á Hofsós og til Akureyrar.“

Áttu uppáhaldsstaða á Norðurlandi og af hverju?

„Grenivík er í uppáhaldi, það er svo frábært fólk þar, fallegt og mikil kyrró.“

Áttu uppáhaldssundlaug úti á landi?

„Sundlaugin á Hofsósi.“

Áttu uppáhaldsveitingastaði úti á landi?

„Ég á tvo uppáhaldsveitingastaði; Slippinn í Vestmannaeyjum og Tjörhúsið á Ísafirði.“

Hvað finnst þér best að grilla?

„Gott nautakjöt klikkar aldrei.“

Tjald eða hótél?

„Má velja hjólhýsi? Það er mitt á milli. Maður fær að njóta útiverunnar, krakkarnir leika sér fram á kvöld á tjaldsvæðinu og grillað með góðum vinum en ef það fer að rigna þá sakar það ekki og það er fljótlegt að pakka saman til að elta sólina.“

Áttu uppáhaldstjaldsvæði?

„Já, tjaldstæðið í Kjarnaskógi er í uppáhaldi hjá fjölskyldunni.“



Hrönn ætlar að ferðast innanlands með fjölskyldunni í sumar.

Eltir þú veðrið á sumrin eða ertu skipulögð og fylgir áætlun?

„Það eru nokkrir fastir liðir óháðir veðri, eins og goslokahtíðin í Vestmannaeyjum og verslunarmannahelgin uppi í sumarbústað. Að öðru leyti elti ég veðrið.“

Hefur þú farið í skemmtilega göngu sem þú mælir með?

„Ég gekk einu sinni frá Hesteyri og yfir í Aðalvík fyrir vestan. Það er mjög eftirminnileg ganga, veðrið var dásamlegt og ósnortin náttúra og svo mættum við nokkrum gæfum refum á leiðinni.“

Hvað finnst þér skemmtilegt að gera með börnunum á ferðalagi um landið?

„Það er alltaf gaman að prófa nýjar sundlaugar og svo slá einfaldir útileikir alltaf í gegn.“

Er einhver staður á landinu sem þú hefur enn ekki komið á en langar að skoða?

„Það er planið að skoða Grænahrygg í sumar, ég er mjög spennt fyrir því.“

Hvaða flik verður að fara með í útileguna?

„Ég get ekki verið án dúnúlpunnar.“

Hvað ætlar þú að gera annað skemmtilegt í sumar?

„Ég ætla að taka kerrupróf í sumar svo ég megi keyra með hestakerru og hjólhýsi.“

Þelamörk og Berlín í sömu ferðinni

Kata Vignisdóttir, dansari og danshöfundur, ætlar að vera dugleg að kíkja norður og heimsækja fjölskylduna í sumar en hún er úr Hörgársveit. Allir sem fara norður í sumar þurfa að skella sér í sundlauginu í Þelamörk að sögn Kötu.

Guðrún Selma Sigurjónsdóttir | gudrunselma@mbl.is

Kata dvaldi mikið fyrir norðan síðastliðinn vetur en hún lék, söng og dansaði í söngleiknum

Chicago í

uppfærslu Leikfélags

Akureyrar. Söngleikurinn var sýndur í

Samkomuhúsinu en það er einmitt upp-

haldsmenningarhús

Kötu á Akureyri. „Ég

hef alltaf verið heilluð

af því, ég man eftir að

hafa farið að sjá söngleiki

þar sem barn með stjórnur

í augunum. Ég fékk svo að

sýna fyrstu vorsýninguna mína í

dansi þar þegar ég var 13 ára sem var algjört

sport. Þetta er einstaklega sjarmerandi hús

með góðan anda, án efa eitt fallegasta leikhús


landsins. Menningarhúsið Hof er líka ofarlega

á lista hjá mér, vinnuástaðan og plássíð þar

er svo geggjáð,“ segir hún.

Kata segir kraft í menningarlífinu á Akur-

eyri. „Leikfélag Akureyrar er náttúrulega



Kata fór með hlutverk í Chicago á Akureyri í vetur.

Ljósmynd/Auðunn

Kata Vignis er úr Hörgársveit.

einstakt og það er augljóst að starfsemi þess gerir mikið fyrir Akureyri og nágrenni. Það var gaman að sjá hvað fólk tók vel í sýninguna Chicago og hversu margir fóru og gerðu sér glaðan dag eða jafnvel helgi í tengslum við sýninguna. Ég held að það sé mjög mikilvægt fyrir bæ einn og Akureyri sem þjónar jafn stóru svæði og hann gerir að hafa sterkt menningar- og listalíf. Það gerir svo ótrúlega mikið fyrir allt Norðurland. Bæði fyrir íbúana sjálfa og gefur fólk til dæmis frá höfuðborgarsvæðinu

enn frekari ástæðu til að koma í helgarferð sem styrkir þá oft veitingastaði og hótél bæjarins í leiðinni. Það eru klárlega mjög margir hæfileikaríkir og drifandi listamenn á Akureyri sem eru algjörir snillingar á sínu sviði og mjög gaman að fylgjast með þeim.“



Það er hægt að eiga góðar stundir í Skógarböðunum.

Ljósmynd/Axel Þórhallsson

„Án efa því að kíkja í leikhús og svo eru oft mjög flottar sýningar í gangi á Listasafninu í Gilinu. Yfir sumartímenn eru líka skemmtilegar hátíðir eins og Ein með öllu, Akureyrarvaka og Listasumar þar sem allir geta fundið eitthvað við sitt hæfi. Síðan er nýjasta nýtt að kíkja í Skógarböðin, það er mjög slakandi og hægt að eiga notalegar stundir þar. Ég er alltaf að reyna að vera meiri sjósundstýpa svo fyrir þá sem langar að stunda sjósund af meiri krafti, eins og ég, þá er stemning í því að kíkja í pottana á Hauganesi og neyða sig til þess að fara út í sjó.“

Af hverju má fólk ekki missa þegar það fer til Akureyrar?

„Hvar færðu besta brönsinn á Akureyri?“

„Ég held að ég verði að segja Strikið, það er mjög notalegt að fara þangað í „brunch“ um helgar.“

Hvert ferðu þegar þú vilt gera vel við þig í mat og drykk?

„Þá fer ég á Rub 23 og fæ mér sushi. Ég reyni oftast að panta mér eitthvað nýtt þegar ég fer á veitingastaði en þegar ég fer á Rub er ég mjög vanaföst og fæ mér undantekningalaust ten ten three sushi-rúlluna. Síðan er líka mjög ljúft að kíkja þangað í hádeginu á virkum dögum en þá er hlaðborð og ég er mikill talsmaður hlaðborða.“

Hvar er best að fá sér sundsprett?

„Það er klárlega í Þelamerkurlaug sem er í um 10 til 15 mínútna akstursfjarlægð frá Akureyri. Ég mæli hiklaust með henni fyrir utanbæjarfólk enda er ég úr sveitinni. Stundum þarf ég að ræna fólk og keyra það þangað gegn vilja þess en síðan eru allir þakklátir fyrir það þegar upp er staðið.“


Hvernig myndi draumadagurinn á Norðurlandi líta út?

„Draumadagurinn minn þegar ég er á Norðurlandi er að byrja daginn á morgunkaffi með fjölskyldunni í sveitinni, fara í göngutúr í náttúrunni og síðan í sund á Þelamörk. Svo er algjörlega nauðsynlegt að fara og borða á Berlín, það er best geymda perla Akureyrar. Ég er fastagestur þar ásamt góðum vinum þegar ég er fyrir norðan. Síðan er gaman að kíkja á Múlaberg í „happy hour“ og fara svo á sýningu eða tónleika um kvöldið.“

Hvað ætlar þú að gera í sumar?

„Í sumar er ég að fara að vinna í nokkrum skemmtilegum og fjölbreyttum verkefnum tengdum dansi, öðrum sviðslistum og verkefnastjórnun sem ég er mjög spennt fyrir. Síðan ætla ég líka að vera dugleg að taka mér frí inn á milli, ferðast með góðum vinum og kíkja norður til fjölskyldunnar.“

Norðurland liggur beinast við



Icelandair.is



Það er stutt að skreppa með flugi

Viltu hitta fjölskyldu og vini fyrir norðan?

Fara í notalega helgarferð til Siglufjarðar? Út að borða eða busla í Skógarböðunum á Akureyri? Það er líka frískandi að baða sig í sjóböðum á Húsavík eða jafnvel náttúruböðum á Mývatni. Við fljúgum daglega til Akureyrar og það tekur einungis um 40 mínútur.

Tryggðu þér sæti tímanlega.

Hleifur með skinku, ólífum og aspaspas

Hleifar sem nefnast „gâteau salé“, eða ósætir hleifar, eru algengir í Frakklandi. Um er að ræða bökuhleifa, sem iðulega eru bakaðir í jólakökuformi. Þá er í ósætt deigið bætt fjölbreyttu hráefni til bragðbætis. Að því leyti svipar þeim til böku. Algengastur er án efa hleifur með skinku, osti og ólífum en í raun má setja hvað sem er út í deigið eins og eldaðan kjúkling, lax, grillaðar paprikur, sveppi eða annað grænmeti. Hleifar sem þessir eru oftast borðaðir með léttu salati og kaldri sósu á borð við jórgurtsósu en það er vissulega smekksatriði. Hleifarnir eru afar hentugir í ferðalagið. Þeir eru ódýrir, bragðgóðir og afar fljótlegt er að baka þá.

3 egg
1 ¼ dl mjólk
2/3 dl olía, t.d. ólífuolía
180 g hveiti
2 msk. lyftiduft
u.þ.b. 1 ½ tsk. salt
u.þ.b. 1 tsk. nýmalaður svartur pipar
2 dl rifinn parmesan ostur
1 handfylli basilíka, söxuð
1 skinkubrél, skorið í teninga
1 ½ dl grænar ólífur, skornar til helminga
1 lítil dós aspaspas (má sleppa)

Stillið ofninn á 180°C og blástur. Sláið eggin saman í stórrí skál, bætið mjólk og olíu saman við og setjið hveitið og lyftiduftið út í ásamt salti og pipar. Blandið vel. Deigið á að vera fremur þunnt. Bætið ostinum saman við, blandið vel. Setjið síðan afganginn af hráefninu saman við og blandið saman við deigið. Ef aspaspas er notaður er gott að hræra honum varlega saman við í lokin. Fóðrið lítið jólakökuform með bökunarpappír. Best er að klippa ræmur og setja aðra lengjuna þversum ofan í formið og hina langsum. Svo er þetta penslað aðeins með olíu eða smjöri. Hellið deiginu í formið og jafnið vel. Bakið í ofni í u.þ.b. 35-40 mínútur eða þar til þrjónn, sem stungið er í miðjan hleifinn, kemur hreinn út. Passið að fylgjast vel með hleifinum þar sem ofnar eru misjafnir og ekki gott að hleifurinn þorni um of. Takið úr ofninum og látið kólna í u.þ.b. 15-20 mínútur í forminu. Takið síðan hleifinn upp úr forminu og látið hann kólna. Hleifurinn er góður kaldur en hann má líka borða heitan og hita sneiðarnar til dæmis upp á ferðagrillinu. Berið fram með salati, t.d. gúrkum og tómötum, og jórgurtsósa eða bragðbættur sýrður rjómi er líka góður til meðlætis.

Ljósmynd/Hanna Ingibjörg Arnarsdóttir

Sniðug og góð nestisráð í ferðalagið

Nú þegar sumarið er gengið í garð leggja margir Íslendingar land undir fót. Sumir skreppa upp í sveit eina helgi á meðan aðrir fara hringinn og enn aðrir fara í göngur og á fjöll svo fátt eitt sé nefnt. Þótt víða sé boðið upp á mat jafnast fátt á við heimagernt nesti enda er það oftast ódýrara, hollara og gjarnan betra. Það er líka ákveðin stemning fólgin í því að vera með nesti í körfu, hitabúsa, ullarteppi og lítinn dúk og borða úti í guðsgrænni náttúrunni.

Hanna Ingibjörg Arnarsdóttir | hannafr@gmail.com

Engar slepjustokur

Nestisgerð getur verið örlítið vandasöm ef ekkert kælibox er með í för og þá þarf að hugsa aðeins út fyrir boxið. Best er þá að útbúa sem mest áður en lagt er að heiman: smyrja samlokur, hita kaffi eða kakó og jafnvel steikja kleinur eða baka sandköku enda hentugt að ferðast með slíkt bakkelsi. Til að koma í veg fyrir að samlokurnar verði slepjustokur er ágæt regla að hafa brauðið ekki í snertingu við rakt grænmeti, eins og tómata og agúrkur.

Til þess er gott að leggja þykkt salatblað á milli. Það er líka sniðugt að skera niður álegg eins og agúrkur og paprikur og setja í lítil box eða poka og raða svo bara á samlokuna þegar hentar, það kemur í veg fyrir að samloknan verði ógirnileg. Tómatar eru blautir í sér og því sniðugt að taka þá bara heila með sér og skera út í salatið rétt fyrir notkun.

Sælkeraráð og staðalbúnaður

Eitt af því sem allir ættu að vera með í sælkeraneyðarútbúnaði sínum í ferðalagið er

salt, pipar, sítróna og olía því þá er hægt að gera allan mat lystugri og betri. Svo má alltaf kippa með einum hvítlauk. Í staðalbúnaði nestiskörfunnar ætti alltaf að vera góður lítill skurðarhnífur og bretti. Blautpurkur geta líka bjargað miklu og hægt að nota þær til dæmis til að þerra hnífapör og áhöld ef ekki er hægt að vaska upp þar sem á er. Annað sem gagnast vel er að vera alltaf með aukaplastpoka, bæði ruslapoka og rennilásapoka.

Frosið hráefni þiðnar á ferðalaginu

Brýnt er að útbúa sem mest af matnum áður en lagt er af stað í ferðalagið þótt sumt sé betra að gera á staðnum. Sniðugt er til dæmis að taka með sér frosið kjöt eða fisk, setja kjötið eða fiskinn í kryddlög í poka og láta þiðna á ferðalaginu. Þetta mjög þægilegt að gera, til dæmis með lærissneiðar og kótilettur. Salatsósar er einnig sniðugt að gera áður en lagt er af stað og setja í flöskur. Auk þess þolir pestó ágætlega að vera utan kælis, sér í lagi ef mikil olía er notuð. Sniðugt er líka að útbúa eitthvað hollt til að narta í eins og hnetublöndu, þurrkaða ávexti og skornar gulrætur eða rófur og setja í litlar krúkkur eða poka fyrir hvern ferðalang.



Unsplash/Patrik Hendry/



Unsplash/Pille R Priske

Startaðu ferðasumarið með TUDOR®

Rafgeymar í húsbíla og hjólhýsi fyrir ferðalagið í sumar

TRAUST OG FAGLEG ÞJÓNUSTA - ALLA LEIÐ

SKORRI
SÉRFRÆÐINGAR Í RAFGEYMUM

Skorri ehf • Bildshöfði 12 • 110 Rvk • 577-1515 • NÝTT: vefverslun www.skorri.is



Unsplash/Angela Pham



Unsplash/Evangelina Silina



ALLT FYRIR ÚTILEGUNA!



SPRUCE FALLS 4
99.995.-



CASTLE PINES 4 L
129.995.-



MACKENZIE 4
149.995.-



MACKENZIE 6
169.995.-



COLEMAN MEADOWOOD 4
125.995.-



COLEMAN MEADOWOOD
4 AIR
189.995.-



COLEMAN WEATHERMASTER
4XL AIR
249.995.-



COLEMAN WEATHERMASTER
6XL AIR
299.995.-



BARDANI BARNASTÓLL
7.495.-



COLEMAN RECLINER
16.995.-



BARDANI SÓFI
19.995.-




SAFARICA NIMBA
80x60x69 CM
9.995.-



BARDANI LAZISE BORÐ
80x60x48-66 CM
27.995.-



COLEMAN MAXI COMFORT
198 X 137 X 22 CM
15.995.-



CAMPINGAZ QUICKBED
188X137X19 CM
9.995.-



COLEMAN SILVERTÓN
250 SVEFNPOKI
15.995.-



EUROM HITARI
11.495.-



CAMPINGAZ RAFMANGS-
KÆLIBOX 28L, 12/230V
32.995.-

ELLINGSEN

Fiskislóð 1, Reykjavík / Hvannavellir 14, Akureyri / 580-8500 / Síðan 1916 / www.ellingsen.is

Ferðin út í Drangey stendur upp úr

Viggó Jónsson hefur siglt út í Drangey síðan hann var polli og starfar í dag við að fara með ferðamenn út í eyjuna með Drangeyjarferðum ásamt syni sínum, Helga Rafni. Viggó segir að víðförlir ferðamenn líki Drangey við Galapagos-eyjar, svo heillaðir eru þeir.

Guðrún Selma Sigurjónsdóttir /
gudrunselma@mbl.is

Ég er búinn að veiða þarna fugla í yfir 40 ár þannig að ég þekki dýralífið og Drangey nokkuð vel. Ég hef verið viðlöðandi Drangey meira og minna allt mitt líf. Þabbi var sigmaður í Drangey og ég litaðist af því, það er dýrðarljómi í kringum þessa perlu Skagafjarðar," segir Viggó.

„Eins og sagt var hér í „den tid“ þá var Drangey vorbæra Skagfirðinga, það náttúrlega helgaðist af því að þarna var bæði sóttur fugl á fleka og einnig voru tekin egg til matar fyrir Skagfirðinga og Norðurland. Það sagði mér gömul kona sem nú er látin að þetta hefði verið hennar uppáhalds-sjón þegar hestalestirnar komu klyfjaðar af fugli úr Drangey með nýmetið. Maður getur ímyndað sér hvernig þetta var fyrir fólk að fá nýja fæðu, menn voru ekki með frystikistur á þessum árum," segir Viggó og segir aðallega hafa verið sótt langvía og stuttnefja.

Heimspækt fólk fær ekki nóg

„Það eru tæp þúsund ár síðan Grettir kemur í Reyki og biður bóndann að ferja sig til Drangeyjar. Kannski hefur ferðaþjónustan byrjað þar, hún er örugglega eldri af því að menn fengu far til eyjar, sennilega hefur Grettir verið slyngari en menn halda," segir Viggó.

Viggó segir gaman að pæla í Grettissögu og það séu ekki bara Íslendingar sem eru áhugasamir um sögu Grettis Ásmundarsonar.

„Það kom eitt sinn til mín rússneskur maður sem vildi endilega koma í Drangey. Hann hafði það að markmiði að koma á sem flesta staði sem Grettir hefði verið á. Hann átti eftir að koma á þann stað



Feðgarnir Viggó Jónsson og Helgi Rafn Viggósson fara saman út í Drangey.



Körfuboltakaupinn LeBron James fór með Viggó út í Drangey.



Ferðalangar á leið upp.




Það er fjörugt fuglalíf í Drangey.

Morgunblaðið/Sigurður Bogi

VELKOMIN Á GLERÁRTORG




Frekari upplýsingar um verlanir og opnunartíma
www.glerartorg.is



Kerlingin stendur enn.

sem hann hefði verið veginn. Þannig að það er ýmis tilgangur. Það er svo misjafnt hvað menn leggja upp með en það var virkilega gaman að fara með þennan mann. Hann var með Grettissögu á rússnesku. Hann hafði komið til Noregs þar sem Grettir hafði verið. Þetta var heilög stund hjá honum. Þetta var mjög skemmtilegt.

Drangey dregur að fólk úr öllum þjóðfélagsþópum, þar á meðal milljarðamæringa sem dvelja á lúxushótelinu Deplum og segja margir að ferðin út í Drangey standi upp úr. Feðgarnir hafa meðal annars sýnt leikaranum Ben Stiller eyjuna. Viggó segir einnig hafa verið skemmtilegt að taka á móti NBA-stjórnumni LeBron James í fyrra. Fleiri frægir voru með í för eins og skíðadrottningin Lindsay Vonn og grímleikkonan Rebel Wilson. Helgi Rafn sonur Viggós er nýkrýndur Íslandsmeistari með Tindastóli í körfuknattleik. „Þetta var mikil upplifun að fara með LeBron James. Sérstaklega fyrir Helga Rafn, þeir ræddu málin vítt og breitt um lífið og tilveruna. Við eigum heimboð í Bandaríkjunum," segir hann.

Viggó segist þó ekki gera upp á milli gesta sinna, hvort sem þeir eru frægir eða ekki. Allir geta upplifað eyjuna á sinn hátt. Viggó hefur útbúið stiga í skriðunni og kaðal til að halda í enda eyjan afar brött.

„Þetta er ekkert fyrir alla. Sumir eru lofthræddir og þá er það bara allt í lagi. Ég hef farið með allslags fólk í sjálfu sér. Ég hef farið þarna með einfættaðan mann, hann var fyrstur upp. Þetta er bara hvernig líkamlegt form fólks er. Ég held að Björn í Bæ hafi verið 91 árs þegar hann fór upp. Það er misjafnt hvernig fólk er. Ég fór einu sinni með blindan mann, hann fór ekki upp, hann var eftir hjá mér í bátinum og við veiddum fisk í soði á meðan fólkið fór upp, það hafði hann aldrei gert, þannig að hann upplifði þetta á mjög sterkan hátt. Það er eftirminnilegt þegar hann snerti á fiskinum og heyrði hljóðið. Þetta er mjög sérstakt þegar maður kemur þarna inn í víkina og drepur á bátinum og heyrir fuglagargið," segir Viggó.

Drangey er perla

„Þú horfir á Drangey alla daga, hún er þarna á Skagafirðinum. Það eru milljón myndir teknar af Drangey í kvöldsólinni; þegar sólin er að fara á bak við eyjuna á sumrin og sólin sest aldrei, þá er hún þarna við sjóndeildarhringinn. Drangey hefur í gegnum aldirnar átt stóran sess í huga Skagafirðinga, það er enginn vafi. Ég tala nú ekki um þegar þú kemur upp á Vatnsskarðið og horfir yfir Skagafjörðinn, þá horfirðu út á sjóinn og horfir til Drangeyjar og þar er þessi perla, búin að vera alla þessa tíð. Þetta er merkasta kennileiti héraðsins.“

Viggó segir eyjuna og náttúru hennar einstaka. „Það er þessi fuglamergö og svo þessi bergmyndun, hvernig hún er, þarna er hægt að lesa til dæmis úr berginu Ópið eftir Munch. Ég hef nú sagt við ferðamenn að það sé greinilegt að Munch hafi komið til Drangeyjar; hann hefur séð þarna fyrirmyndina. Það gefur augaleið. Þá er merkilegt að sjá þennan drang, Kerlinguna í Drangey, standa þarna sunnan við eyjuna. Það lemur á henni norðanbrimið allt árið, í gegnum þessar árþúsundir sem hún hefur staðið þarna," segir Viggó en Drangey ber einmitt nafn af dröngunum tveimur, Karli og Kerlingu. Í þjóðsögu sem útskýrir upp-tök Drangeyjar voru Karl og Kerling tvö nátttröll og eyjan sjálf kýr. Kerlingin stendur ein eftir þar sem dranginn Karl hrundi í jarðskjálfta 1755.

Á Drangey mikið inni?

„Já, já. Drangey á mikið inni. Maður sá það í kórónuveirufaraldrinum að ég hef ekki farið með fleiri Íslendinga en það sumar. Ég held að Skagafjörðurinn eigi talsvert mikið inni," segir Viggó þegar talið berst að ferðaþjónustu í Skagafirðinum. „Við þurfum að halda því meira á loft sem í Skagafirði er – og Drangey er ekki að fara neitt," segir Viggó.



NÁTTÚRULEGA GOTT GRILLSUMAR

MEÐ ÍSLENSKU LAMBAKJÖTI

Langbráð sumar með samveru, gleði og góðum mat.
Njótum daganna með því besta sem við eigum og grillum
lambakjöt – náttúrulega.

Skoðaðu uppskriftirnar á islenksklambakjot.is



Paradís á Norðurlandi í anda Disney

Júlíus Freyr Theódórsson er leiðsögumaður hjá Adventures By Disney á Íslandi. Júlíus fær að vinna við það sem honum finnst skemmtilegast og segir hann að Norðurland standi iðulega upp úr hjá sínu fólki.

Guðrún Selma Sigurjónsdóttir / gudrunselma@mbl.is

Júlíus lýsir hlutverki leiðsögumans í Disney-ferðum sem nánast sól-arhingsstarfi og tekur hann þátt í öllum ævintýrum gesta sinna.

„Þetta eru margar kynslóðir sem ferðast saman, börn og ömmur og afar. Þau kaupa ferðina í gegnum Disney og hér erum við og tökum á móti þeim. Við sýnum þeim landið okkar, kynnum þeim söguna og höfum gaman. Við tökum þetta svona skrefinu lengra, við tökum allar myndir af fólki og sjáum um þau frá A til Ö, lyftum af þeim öllum áhyggjum í lífinu,“ segir Júlíus.

Þegar blaðamaður náði á Júlíusi var hann staddur á Húsavík þar sem fólkið hans fékk að spóka sig í góða veðrinu. Hópurinn var þá nýbúinn að skoða Goðafoss og Grenjaðarstað í sólinni, enda alltaf sól fyrir norðan að sögn Júlíusar.

Allt á Norðurlandi er betra

Hvað gerir maður í Disney-ferð á Norðurlandi?

„Þegar þú ert búinn að hreinsa upp alla afþreyingarmöguleika á Suðurlandi þá förum við náttúrulega norður og verjum helmingnum af ferðinni þar. Eins og við öll vitum þá er það vísindalega sannað að allt á Norðurlandi er þrisvar sinnum betra en það sem er fyrir sunnan eins og ég kynni vel fyrir mínum gestum. Við byrjum á að fara á Hauganes í hvalaskoðun sem er ótrúleg upplifun. Við borðum á Baccalá Bar og fylgjum þeim eiganda svo eftir yfir í Ektafisk og förum í gegnum hvernig við búum til fisk, hvað við gerum, hvernig við flökum hann. Gerum grín og höfum gaman. Við förum í pottana og við hoppum í sjóinn til að sýna fólki að þetta sé nú lítið mál, þetta sé ekkert kalt, bara hressandi. Við gerum allt með fólkinu, fólk er aldrei á eigin vegum nema klukkutíma hér og þar,“ segir Júlíus.

Daginn eftir viðtalið var Júlíus á leið í Mývatnssveit en þar líður honum alltaf vel. „Við erum yfirleitt það heppin að jólasveinarnir koma að hitta okkur. Þeir koma og tala við okkur sérstaklega. Við förum á fuglasafnið og köfum í söguna, höfum gaman og njótum þess að vera til. Svo förum við í flúðasiglingar vestur í Jökulsá, njótum alls þess besta sem Norðurland hefur upp á að bjóða.“

Fátt toppar hvalaskoðun

Ef Júlíus væri á eigin vegum með konu og þremur börnum myndi hann gera þá að nákvæmlega sama. Einn stærsti kosturinn við starfið er að hann fær að gera það sem honum finnst skemmtilegast á launum.

„Þetta er nákvæmlega það sama og ég geri með minni fjölskyldu. Við förum út um allt, við förum í hvalaskoðun. Það er nokkuð sem Íslendingar ættu raunverulega að kynna sér. Áður en ég byrjaði í þessu starfi fannst mér hvalaskoðun algjörlega glóruslaus. En ég er svo fullkomlega heillaður af því að vera í hvalaskoðun, ég er eins og fimm ára krakki. Ég þarf að vara viðskiptavinum mína við áður en ég fer með þeim út á sjó því ég stand uppi á brú og orga á þau ef við sjáum eitthvað. Ég skriki og hlæ, ég missi raunveruleikatil-



Júlíus er duglegur að bregða á leik á ferðum sínum.



Júlíus mælir með pottunum á Hauganesi.



Morgunblaðið/Sigurður Bogi

Fiskurinn á Baccalá Bar er ferskur og góður.

finningu þegar ég er kominn út á sjó, þetta er svo gaman og fólk trúir því ekki fyrr en það prófar, þetta ættu allir að gera.“

Lá beint við að gerast leiðsögumaður?

„Þetta lá ekki beint við, þetta blundaði alltaf í mér. Þetta byrjaði með ömmu og afa á Vopnafirði af því að þau voru í Ferðafélaginu. Sem smástrákur var maður að þvælast í rútum hingað og þangað og þar einhvern veginn kviknaði bakterían. Það var helst amma mín heitin sem kom inn hjá mér þessari delli, amma las kort eins og aðrir lesa bækur. Þótt hún kæmi á svæði í fyrsta skipti gat hún sagt þér nöfnin á hverjum tindi. Ég gleypiti þetta í mig og þetta blundaði í mér en mér fannst aldrei raunhæft að komast í þetta starf. Svo bara gerast hlutir og nú hefur þetta verið mín aðalvinna í rúmlega átta ár, ég byrjaði fyrst fyrir 13 árum að keyra traktor í Hrísey með heyvagn



Júlíus elskar að komast út á sjó.



Morgunblaðið/Sigurður Bogi

Grenjaðarstaður vekur alltaf mikla lukku.

Júlíus mælir með:

- Útisturtan á leiðinni upp í Kröflu – alveg geggjað!
- Fiskur og franskar á Baccalá Bar, gerist ekki ferskara
- Veitingahúsið Vogafjós í Mývatnssveit þar sem hægt er að horfa á kýrnar í gegnum gler
- Selhótel Mývatn sem býður upp á góðar pítsur í fallegu umhverfi
- Ásbyrgi
- Dettifoss
- Heimskautagerðið Langanesi
- Skagafjörður
- Að keyra fyrir Skaga
- Hvammstangi – alveg feikilega fallegur staður

Gamli tíminn heillar

Hvað stendur upp úr?

„Það sem skorar hæst hjá okkur er Norðurlandið,“ segir Júlíus þegar hann er spurður að lokum hvað fólk er ánægðast með. „Við erum búin að fara á jökul, við erum búin að fara Gullna hringinn, við erum búin að fara á hestbak, við erum búin að fara á flúðasiglingu, við erum búin að fara í Bláa lónið og það sem stendur upp úr er þetta augnablik þegar þau labba inn í Grenjaðarstað og við segjum þeim hvernig var að búa hérna. Þau verða svo heilluð af þessari tengingu. Þetta tengist svo náttúrunni. Allt í einu tengja þau; af hverju sjáum við engar fornminjar? Hvað er í gangi? Allt í einu sjá þau þetta ljóslifandi. Þau tengjast svo Íslandi á annan hátt þegar við erum búin að fara með þau í gegnum torfbæinn og segja þeim hvernig þetta var. En ég er náttúrulega ekki eðlilegur, ég er með tattú af torfbæ á hægri hendinni og af sauðkindinni á hinni en það er nú annað,“ segir Júlíus.


aftan í að segja sögur,“ segir Júlíus.

Nærðu að hitta fjölskylduna þína?

„Jú, ég hitti þau í Covid, þetta er fínasta fólk,“ segir Júlíus léttur í bragði. „Árið fyrir Covid var ég tvö hundruð nætur á hóteli. Við hlæjum svolítið að því heima að þegar ég og frúin vorum að hefja okkar búskap þá kom ekki til greina að ég færi á sjó. Ég er minna heima en ef ég væri á sjó en þá er bara að nýta tímann þegar maður kemur heim.“

Júlíus mælir með að fara í hvalaskoðun á Hauganesi í sumar og verja öllum deginum þar. „Ég mæli heilshugar með Hauganesi af því að þar er hægt að gera svo margt skemmtilegt. Þar hefurðu pottana í fjörunni og sandfjöru sem krakkarnir geta buslað í, þeir geta vaðið langar leiðir út, fjaran snýr í suður, fjórir fimm heitir pottar, þetta er algjör paradís. Svo skokkarðu yfir á veitingastaðinn og ferð í hvalaskoðun,“ segir Júlíus.

Það þurfa allir að gera sér ferð í Mývatnssveitina að mati Júlíusar, þangað er ekki hægt að koma of oft. „Farið í Dimmuborgir, njótið þess sem þær hafa upp á að bjóða. Segið söguna, finnið jólasveinahellinn, hann er algjörlega frábær, það er hægt að laumast þangað, ef þið eruð heppin finnið þið jólasveina eða ummerki um þá,“ segir Júlíus.



Opið
12:00 - 00:00
alla daga
í sumar


geosea
GEOTHERMAL SEA BATHS

**Hlökkum til að
taka á móti ykkur!**

www.geosea.is | geosea@geosea.is | [@geoseaiceland](https://www.instagram.com/geoseaiceland) | Vitaslóð 1, 640 Húsavík | 464 1210



Hvalir eru miklir vinir
Söru en hér er hún á
róðrabretti nálægt hval.



Pegar Sara er ekki
að skíða í fjöllum
er hún á hjóli.

Ólst upp með hvölum

Sara Sigmundsdóttir er framkvæmdastjóri Akureyri Whale Watching auk þess sem hún vinnur sem skipstjóri fyrir fyrirtækið. Sara gæti ekki hugsað sér betri stað en Eyjafjörðinn. Þegar hún er ekki á sjó er hún á fjöllum á snjóbretti eða á fjallahjóli.

Guðrún Selma Sigurjónsdóttir /
gudrunselma@mbl.is

Akureyri Whale Watching er dótturfyrirtæki Eldingar sem er einmitt fjölskyldufyrirtækið. „Ég ólst upp í þessu og hef verið á bátum síðan ég var sjö ára. Ég fann mig einhvern veginn í þessu,“ segir Sara. Þá lá hins vegar ekki beint við að stýra sjálf hvalaskoðunarbatum. „Ég er með skipstjóra-réttindi. Ég má vera á minni bátum fyrirtækisins og er að taka núna réttindi til að geta siglt stærri bátunum. Konunum er alltaf að fjölga. Ég ætlaði ekkert að taka þetta. Ég fékk allt í einu áhuga fyrir svona átta árum. Þegar maður er ekki með fyrirmyndir sem eru konur þá dettur manni þetta ekki strax í hug. Ég var með öll tækifærin fyrir framan mig og fólk til að kenna mér og sé alls ekki eftir því.“

Hvernig er að stýra bát?

„Þú þarft að hafa mjög mikla tilfinningu fyrir umhverfi sínu en það kemur allt með tímanum. Þetta er ekki auðveld vinna en þetta er mjög skemmtileg vinna. Það þarf að hafa margt í huga, veður, sjólagið og allt í kringum mann. Svo ertu líka með farþega sem þú þarft að passa mjög vel. Þó svo þú getir siglt í einhverju veðri þá þarftu að passa að það sé í lagi með farþegana.“

Fær aldrei leið á hvölum

Hvað er það við hvali sem heillar fólk svona mikið?

„Hvað er það ekki? Ég er búin að vera að skoða hvali síðan ég var sjö ára og ég fæ aldrei leið á því, engar tvær ferðir eru eins. Engir tveir hvalir eru eins. Það er væntanlega stærðin sem heillar og að geta komist í svona mikla nálægð við þá í þeirra náttúrulega umhverfi. Fólk sem býr á meginlandinu hefur ekki tækifæri til að sjá hvali, þetta er nokkuð sem það dremmir um að gera. Hvalir eru bara stórmerkileg dýr,“ segir Sara.

„Mér finnst skemmtilegast að byrja að þekkja hvalina og einstaklingana. Við þekkjum hnúfubakana af afturhliðinni á sporðinum. Þeir eru með mismunandi myndir. Við gefum öllum nöfn en sumir eru bara herna í nokkra mánuði. Við byrjum að þekkja það hvernig þeir haga sér. Sumir eru mjög félags-



Sara stýrir hvalaskoðunarbatum og er með réttindi til þess.



Sara reynir að skjótast í stuttar ferðir með fjölskyldunni í sumar.

lyndir og sækjast í bátana en aðrir halda sig frá. Þeir sýna ákveðin persónuleikaeinkenni. Mér finnst það vera það skemmtilegasta við hnúfubakana hjá okkur. Þeir sýna að þeir eru ekki allir eins þó þeir séu af sömu tegundinni. Við erum mest með hnúfubaka hér í Eyjafirði.

Hnúfubakarnir eru þekktir fyrir að tjá sig og það er talið að þeir syngi þegar þeir eiga í samskiptum.“

Íslendingum byrjaði að fjölga í hvalaskoðunarferðum í kórónuveirufaraldrinum og urðu þeir ekki fyrir vonbrigðum að sögn Söru.

„Íslendingarnir fóru að sýna aðeins meiri áhuga. Íslendingunum sem fara í ferðirnar hjá okkur finnst þetta alltaf rosa fjör, sérstaklega fjölskyldufólki,“ segir Sara.

En hvar á landinu er best að sjá hvali?

„Ísland er yfir höfuð rosa góður staður til að sjá hvali. Við erum líka með fyrirtæki fyrir sunnan og það er búið að vera rosalega flott að sjá hvali þar síðasta árið. Svo er Eyjafjörðurinn frábært svæði, Skjálfandi, Ísafjarðardjúp og Snæfellsnes. Það er fullt af flottum stöðum en Norðurlandið er þekktast fyrir hvalaskoðun. Það eru mismunandi tegundir eftir stöðum. Varðandi veður og annað þá er ekkert sem segir okkur að það sé betra að sjá þá í góðu eða vondu veðri en það er auðveldara að finna þá í góðu veðri.“

Féll fyrir Norðurlandi

Það er óhætt að segja að Sara sé ástfangin af Norðurlandi. Í upphafi ætlaði hún bara að koma og vinna í nokkra mánuði og snúa svo aftur á höfuðborgarsvæðið. „Það er bara svo yndislegt að vera fyrir norðan. Nálægðin við sjóinn og fjöllin og stutt í allt. Fyrir útivistarfólk er þetta frábært. Þetta sækist ég meira í. Það er lengra að fara allt í borginni. Ég er mikið á splittbretti, brimbretti og róðrabretti (e. paddleboard). Ég er líka á fjallahjóllum. Allt sem er hægt að gera hef ég áhuga á að prófa.“

Hvert fer maður á fjallahjól fyrir norðan?

„Það sem er næst Akureyri er Kjarnaskógur. Það er opið uppi í Hlíðarfjalli í Bike Park. Svo eru alls konar leiðir

á Tröllaskaga,“ segir hún.

„Ég bý á Hjaltaeyri. Ég mæli eindregið með því að fara á Hjaltaeyri eða á Hauganes í pottana. Það eru veitingastaðir á báðum stöðum líka. Það eru góðar gönguleiðir, Súllur, að fara fjallahjól, það er hægt að fara á róðrabretti, það er svo margt hægt að gera.“

Sara er mjög mikið á sjó á sumrin en reynir eftir bestu getu að nýta birtuna til að gera eitthvað skemmtilegt. Hún og maðurinn hennar eiga þriggja ára dóttur og stundum fara þau í stutt ferðalag í húsbílnum sínum. Á veturna hefur hún meiri tíma og þá er það snjóbretti. Hvað myndir þú gera ef þú fengir fri til að gera eitthvað með fjölskyldunni í einn dag?

„Við erum með lítinn húsbíl. Við myndum fara á honum á Flateyjardal og vera þar yfir nótt. Ef maður væri í nálægð við Akureyri færi ég í Kjarnaskóg og hjólaði smá,“ segir Sara sem mælir að sjálfsgöngu líka með skemmtilegum gönguleiðum í Ásbyrgi og því að koma við og skoða Dettifoss.

Sara mælir líka með:

- Fjöruferð á Dalvík
- Að heimsækja kaffihús Bakka-bræðra, Gísla, Eiríks og Helga og fá sér fiskisúpu.

OKKAR VAKT LÝKUR ALDREI

Öryggisgæsla í yfir 40 ár



SECURITAS

Sími 580 7000 www.securitas.is



Hreindýrin eru í bakgarðinum.



Góð gönguleið er út að vitanum.

Flutti eftir að hafa farið einu sinni í helgarfrí

Pórir Örn Jónsson, framkvæmdastjóri NorthEast á Bakkafirði, hefur átt þátt í að rífa upp stemninguna á Bakkafirði að undanfögnu ásamt konu sinni Sædísí Ágústsdóttur. Hann rekur meðal annars ferðaþjónustufyrirtæki en stendur líka fyrir alvöru íslenskri útihátíð í bænum í lok júní.

Guðrún Selma Sigurjónsdóttir | gudrunselma@mbl.is

Það eru flestir hissa á því að ég flutti hingað bara fyrir fjórum árum eftir að hafa komið hingað einu sinni í helgarfrí. Ég á konu og tvö lítil börn í dag en við tengjumst ekki Bakkafirði á neinn hátt,“ segir Pórir um sjávarplássið sem hann er á góðri leið með að gera að heillandi áfangastað ferðamanna.

„Við komum hingað að sumri til og þetta var alveg ótrúlega notalegt. Síðan var kórónuveirufaraldurinn að skella á og ég var náttúrlega leiðsögumaður þannig að okkur fannst bara heillandi að koma hingað og ætluðum bara að stoppa stutt. Við leigðum hús til að byrja með og ég var að róa hérna á nokkrum bátum. Núna fjórum árum seinna á ég tvö fyrirtæki, rek þriðja og á tvö einbýlishús og hitt og þetta,“ segir hann.

Pórir hefur verið í ferðageiranum í tíu ár en ákvað að gerast leiðsögumaður vegna þess að hann hefur brennandi áhuga á fólki. „Ég hef alltaf elskað að hitta nýtt fólk og viljað vera þar sem maður kynnist fólki alls staðar frá,“ segir Pórir sem vann meðal annars í einkaleiðsögn, þyrlubransanum og sem rekstrarstjóri hjá hvalaskoðunarfyrirtæki.

Halda Bakkafest hátíðlega

Pórir og Sædís sáu fram á að geta komið undir sig fótunum á Bakkafirði. „Það er ekkert orðið líft í Reykjavík þegar kemur að fasteignum. Það er ekkert leyndarmál að ég keypti 150 fermetra einbýlishús hér með bílskúr og stórum garði á átta milljónir. Síðan er þetta voða rólegt og notalegt. Það er ekkert stress,“ segir Pórir.

Líf Þóris virðist reyndar ekki alveg stresslaust enda í nógu að snúast hjá þeim en þau vilja hafa mikið að gera. „Við ákváðum að búa hérna og tókum þátt í verkefninu Brothættar byggðir við að reyna að byggja upp ferðaþjón-

ustuna. Við erum líka farin af stað með útihátíð sem við verðum með í þriðja sinn í ár. Þetta er ákveðið verkefni í að byggja upp samfélagið, sem var á hraðri niðurleið,“ segir Pórir.

Hugmyndin að útihátíðinni Bakkafest kom fyrir fjórum árum á tjaldstæðinu á Bakkafirði sem parið rekur einnig. Pórir segist hafa lofað einum ágætum Bakkfirðingi að halda útihátíð. „Bakkafest var haldin ári síðar og þá mættu 350 manns, sem er frábært miðað við að þetta samfélag er þínulítið. Bakkafest er alvöru íslensk tónlistarhátíð. Það eru lopapeysur og kúrekahattar og það er sungið alveg langt fram á nótt,“ segir Pórir. Í fyrra mættu 450 manns. Hann segir fólk alls staðar að koma á hátíðina, hvort sem það eru brottfluttir Bakkfirðingar eða fólk sem hefur tengsl við Bakkafjörð síðan í gamla daga þegar það vann í fiski eða á bátunum. Fólk úr nærliggjandi þorpum hópast líka inn á Bakkafjörð og í fyrra kom fólk frá Reykjavík og Akureyri til að skemmta sér þar.

Heillandi einangrun

Hvað er svona töfrandi við Bakkafjörð?

„Þetta er falin perla, það er frábært náttúrulíf, við heyrum stundum í hvölnum þegar við stöndum heima í eldhúsinu. Hreindýrin eru oft bókstaflega í bakgarðinum hjá okkur.“

Ferðamenn sem koma til Bakkafjarðar eru meðal annars að leita eftir kyrrðinni og

Pórir heyrir í hvölnum heiman frá sér.



Sædís og Pórir tóku sig til og fluttu á Bakkafjörð.

Pórir stendur fyrir alvöru útihátíð á Bakkafirði.



gönguleiðinni út að Digranesvita, sem er klukkutíma til eins og hálf tíma ganga frá gistiheimilinu okkar. Það er alveg frábært útsýni þar út frá.“

Pórir keypti bát í vetur. „Ég er farinn að róa minna sjálfur. Ég á strandveiðibát sem pabbi minn rær á. Ég er aðallega að sjá um vinnsluna í landi og halda þessu rúllandi inni á Bakkafirði,“ segir Pórir. „Það hefur sína kosti að vera með fiskvinnslu og veitingastað hlið við hlið. Yfir sumartímamann erum við með opið alla daga, allan daginn,“ segir Pórir.

Heldurðu að fólk sé uppgötva Bakkafjörð núna?

„Já, við erum að verða uppbókuð út sumarið sem er frábært miðað við að við opnuðum ferðaþjónustufyrirtækið í maí í fyrra. Við bjuggumst við rólegu sumri í fyrra sem var alls ekki. Við erum að sjá 40 prósent aukningu,“ segir Pórir. Á gistiheimilinu eru erlendir ferðamenn 80 til 90 prósent þeirra sem koma til þeirra. Á tjaldstæðinu er einnig mikill fjöldi erlendir ferðamenn og koma margir úr Norrænu, Bakkafjörður er þá yfirleitt þeirra fyrsta stopp.

einangruninni og segist Pórir gera út á það. Útívera er helsta afþreying á svæðinu. „Það eru frábærar gönguleiðir hér, góðar akstursleiðir stutt frá okkur og lítil sveitasundlaug. Flestir sem koma til okkar segja að þetta sé eins og að kúpla sig út í smá stund, slappa aðeins af. Næst væri að opna „retreat“ á Bakkafirði.“

„Við erum með mjög fjölbreytt úrval af fallegum gönguleiðum hérna. Við mælum alltaf með



Velkomin á Norðurland



Akureyrarbær



VERDI



FRAMSÝN
STÉTTARFÉLAG



Skagafjörður

ICELANDIC BUS COMPANY
SBA-NORÐURLEIÐ

www.sba.is



„Hvergi betra að vera en í Hrísey“

Silja Bára Ómarsdóttir, prófessor í alþjóðastjórnsmálum við Háskóla Íslands, segir hvergi betra að vera en í Hrísey. Hún féll fyrir eyjunni á fullorðinsárum og lét gamlan draum verða að veruleika þegar hún fjárfesti í húsi í eyjunni með vinahópnum.

Guðrún Selma Sigurjónsdóttir / gudrunselma@mbl.is

Ég byrjaði að koma þarna í frí með vinkonu minni sem hafði gert það í mörg sumur. Hún var alltaf að tala um hvað þetta væri æðislegt og frábært og eitt sumarið dreif ég mig loksins með henni. Ég varð yfir mig hrifin eins og hún og áðrar í vinahópnum okkar. Það er svo ótrúlega þægilegt að vera þarna. Það er yndisleg bók um eyjuna sem heitir *Þar sem tíminn hverfur* og það er einhvern veginn hin fullkomna lýsing. Maður gengur frá borði og það hægist á öllu. Þú finnur einhverja ró sem er ekki til annars staðar,“ segir Silja Bára.

Eftir nokkur sumur í Hrísey ákváðu Silja og vinkonur hennar að kaupa hús saman í eyjunni.

„Við höfðum látið okkur dreyma um að einhvern tímann þegar við yrðum stórar hefðum við efni á þessu. Svo eitt kvöldið opnaði ég fasteignavefinn og sá að það var verið að auglýsa tvö hús til sölu. Daginn eftir fórum við að skoða og féllum fyrir húsinu sem við síðan eignuðumst. Við erum fjórar saman, þannig náum við meiri nýtingu, börn og systkini og fjölskyldur eru sjúk í að vera með okkur og vilja vera eins oft og hægt er. Við förum mjög mikið saman líka vinahópurinn og erum að dunda okkur,“ segir hún og bætir við að einnig sé hægt að vinna frá eyjunni en oftast er tíminn nýttur í að njóta lífsins.

Silja Bára segir að vinkonurnar hafi fengið yndislegar móttökur frá Hríseyingum en á sama tíma hefur vinahópurinn lagt sig fram við að taka þátt í félagslífinu í eyjunni. „Það er Hríseyjarhátíð, það er þorablót, við reynum að taka þátt í því sem er í boði í samfélaginu,“ segir hún.



Silja Bára í kjól að skutlast með veislugesti af bryggjunni á dráttarvél sem faðir hennar gerði upp fyrir hana.

Gott að vita

Ferjan frá Árskógssandi tekur korter og gengur á tveggja tíma fresti frá morgni til kvölds.

Sólsetur á ágústkvöldi við vitann.

Útsýnið frá húsinu.

Tilheyra samfélagi í Hrísey

Það er sem sagt ekkert síðra að kaupa hús í Hrísey en sumarþústað í Biskupstungum?

„Ég hef aldrei verið spennt fyrir hugmyndinni um sumarþústað. Í Hrísey kemur þú í samfélag. Þarna er sundlaug, veitingastaður og lítil verslun. Það er líf í þorpinu. Það er æðisleg náttúra, það er mjög auðvelt að komast í snertingu við umhverfið en maður er ekki einn einhvers staðar úti í buskanum,“ segir hún.

Silja Bára mælir með því að gera sér ferð út í Hrísey í sumar. „Þetta er lítil eyja. Það er ærslabelgur, mínigolf og frísbígolf, æðislegar gönguleiðir. Margt sem er hægt að dunda sér við. Það er samt oft fullt prógramm að fá sér morgunmat, fara í sund, jafnvel sjósund, og labba einn hring. Það er alveg geggjaður dagur. Það er líka safn og veitingastaður sem er með opið frá hádegi fram á kvöld á sumrin þannig að maður þarf ekki endilega að koma með nesti með sér en það er líka hægt og þá er hægt að grilla. Þetta er alveg fín dagsferð en ég mundi líka mæla með að gista í nokkrar nætur.“

Hápunktur sumarsins hjá Silju Báru er að dvelja í Hrísey. „Ég ferðast mikið á veturna vegna vinnunnar. Á sumrin vil ég helst bara vera á Íslandi og þá er hvergi betra að vera en í Hrísey,“ segir hún.

Ætlaði að vera í þrjá mánuði en síðan eru liðin 35 ár

Sigríður Vigdís Vigfúsdóttir, framkvæmdastjóri hjá líftækni-fyrirtækinu Primex og stofnandi ChitoCare beauty-húðvaranna, fluttist til Sigló árið 1988 með kærastanum sínum. Þau ætluðu aðeins að vera í þrjá mánuði en í lengdust aðeins enda Siglufjörður dásamlegur vetur sem sumar.

Guðrún Selma Sigurjónsdóttir / gudrunselma@mbl.is

Hvað er það sem heillar helst við Siglufjörð?

„Fjöllin, sagan, fólkið og náttúrufrægurðin.“

Hvar er best að fá sér morgunmat á Sigló?

„Ja, nú hef ég ekki borðað morgunmat annars staðar en heima hjá mér á Suðurgötunni sem samanstendur af hafragraut, chiafræum og fimm korna blöndu en fyrir ferðamanninn er það okkar góða bakarí sem býður upp á dýrindis morgunmat.“

Hver er besta afþreyingin?

„Sigló býður upp á óteljandi möguleika allan ársins hring eins og skíði, fjallaskíði, sund, golf og gönguferðir svo eitthvað sé nefnt. Það er líka ljúft að fá sér göngutúr með nesti í skógræktina og slappa af út í náttúrunni.“

Er einhver leynd perla í bænum?

„Ekki beint leyndastaður en Hvanneyrarskálín stendur alltaf fyrir sínu. Það er skál í fjallinu vestanmegin við fjörðinn. Þar er gott

útsýni yfir bæinn og var klassískur staður fyrir leynihittinga hér á árum áður þar sem mörg

kærustupör urðu til.“

Hvar mælir þú með að borða hádegismat?

„Það ættu allir að prófa hádegismatinn hjá Öllu tengdamömmu en þar fyrir utan veitingastaðir eins og Torgið (gula húsið við höfnina) og svo bakaríð ef fólk vill eitthvað léttara.“

Hvar er að finna helstu náttúruperluna rétt fyrir utan Siglufjörð?


„Klárlega Fljótin en þar hefur verið mikil uppbygging í ferðamannaíðnaðinum með tilkomu lúxushótelsins á Deplum og Sóta Lod-



Sigríður Vigdís Vigfúsdóttir kann vel við sig á Siglufirði enda nóg í boði.

ge. Það er fríðsælt í Fljótum og stórbrotin náttúra sem býður upp á bæði sumar- og vetrar-afþreyingu. Þar er hægt að gera sér margt til skemmtunar eins og ganga að Lundi og finna anda Guðrúnar, skella sér á hestbak í hestaleigunni hjá Lukku og Láka í Langhúsum og enda svo daginn í

Fjöllin og sagan eru meðal þess sem heillar fólk á Siglufirði.



Morgunblaðið/Sigurður Bogi

Barðslaug en þar er að finna bæði heitan pott og gufubað.“

Hvar er best að enda kvöldið?

„Hótel Sigló er háklassastaður með sjarmerandi umhverfi. Mitt upphald þar er sjávarréttasúpan með glasi af hvítvíni og ekki skemmir stemninguna að byrja með Negroni við arinbarinn. Einnig má með sanni mæla með marokkóska staðnum fyrir þau sem vilja prófa norðuráfríska matargerð á heimsmælikvarða.“

Er einhver hápunktur í bænum á sumrin?

„Það er nóg í boði eins og Trilludagar, Þjóðlagahátíð, Bæjarhátíð um versló og svo er stutt að skella sér til Ólafsfjarðar og taka þátt í bráðskemmtilegu sápuboltamóti fyrir allan aldur.“

SKEMMILEGRA FRÍ MÉÐ ÞESSUM



Leikum og lærum, Ljónasveitin þrautabók,
Tölur, Stafir, Hvar er Mína, Hvar er Andrés.

Fást í næstu verslun

HAGKAUP

PEMIM Eymundsson

A+

edda
WWW.EDDA.IS

Eucerin®

HÚÐUMÖNNUN BYRJAR MEÐ SÓLARVÖRN

LÉTT TILFINNING ALLA DAGA



ULTRA LIGHT FLUID

NÝTT

0% KLÍSTUR
FITA
LEIFAR



Eucerin®
SUN PROTECTION
VERY HIGH PROTECTION
50+
HYDRO PROTECT
ADVANCED SPECTRAL TECHNOLOGY
FOR ALL SKIN TYPES
ULTRA-LIGHT FLUID
MEDICAL SKINCARE